

um könnun á auknum útflutningi íslenskra iðnaðarvara.

Flm.: Bragi Michaelsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna með hvaða hætti megi auka útflutning á íslenskum iðnaðarvörum sem nú eru að litlu leyti fluttar á erlenda markaði, svo sem húsgögnum, innréttingum, sælgæti og öðrum er ætla má að eigi nokkra möguleika í útflutningi.

Greinargerð.

Í þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að kanna leiðir til að auka útflutning á iðnaðarvörum. Margar orsakir liggja til þess að brýn nauðsyn er nú á því að auka slíkan útflutning og renna þannig fleiri stöðum undir gjaldeyrisöflun okkar. Á allra næstu árum mun fólk á vinnumarkaði hér á landi fjölga allmikið. Eins og málum er komið hér innanlands eru líkur á aukinni sölu iðnaðarvara umfram fólksfjölgun hverfandi en ætla má að verulegir möguleikar séu fyrir hendi á útflutningi.

Allt frá þeim tíma er Íslendingar gerðu samninga um fríverslun hefur íslenskur iðnaður verið að þróa framleiðslu sína og gera hana samkeppnishæfa. Nú eru hér komnar á markað vörur sem eru vel samkeppnishæfar, bæði á markað hérlendis og til útflutnings. Framleiðendur í iðnaði hafa gert tilraunir með útflutning, en með misjöfnum árangri. Framleiðsla húsgagna hér á landi hefur á síðari árum tekið miklum framförum og eru framleiðendur nú að hefja útflutning til Bandaríkjanna. Ullarvörur hafa um alllangt skeið verið fluttar út með góðum árangri og verið eftirsóttar og fleiri dæmi mætti nefna er benda til þess að við Íslendingar ættum að geta komið framleiðsluvörum okkar í auknum mæli á erlenda markaði og bætt hér lífskjör sem rýrnað hafa með minnkandi sjávarafli.

Hlutverk stjórnvalda í þessu máli á að vera að afla t. d. hvers konar upplýsinga um vörumerkingareglur í innflutningslöndum, annast kynningu á íslenskum iðnaðarvörum á vegum sendiráða okkar erlendis og annast kynningu meðal framleiðenda hér innanlands á möguleikum til útflutnings.

Í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar var efnt til kynningar á íslenskum iðnaðarvörum innanlands en vel kæmi til greina að stjórnvöld efndu til slíkra kynninga á íslenskum iðnaðarvörum á erlendum mörkuðum í samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Félag íslenskra iðnrekenda. Það fer vart á milli mála að öll viðleitni til að efla íslenskan iðnað og auka markaðshlutdeild íslenskra iðnaðarvara er hagstætt fyrir þjóðarheildina og bætir lífskjör hér á landi.

Fylgiskjal.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Útflutningur húsgagna 1978—1983.

Útflutningur húsgagna (Magn í tonnum og verð í þús. bandaríkjadala).						
	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Magn	1.9	3.3	2.3	4.5	6.4	9
Verð	12.9	21.0	24.7	36.3	74.7	283.9

Útflutningur á húsgögnum hefur verið mjög lítill þau s. l. sex ár sem miðað er við í þessari töflu. Mest hefur verið selt til Norðurlanda og Bretlands en hin síðari ár hefur útflutningur aukist til ýmissa annarra landa. T. d. voru árið 1982 flutt út húsgögn til Hollands, Luxemborgar og Sviss, en hér er einungis um profusendingar að ræða.

Á vörusýningu í Bella Center í Kaupmannahöfn í maí árið 1983 tókst íslensku fyrirtæki að gera samning um sölu á húsgögnum til Bandaríkjanna. Er það í fyrsta skipti sem það tekst síðan farið var að selja húsgögn skipulega á erlendum sölusýningum. Áætlað er að salan geti numið allt að 2 millj. bandaríkjadala hjá þessu eina fyrirtæki. Nú er unnið að miklu markaðs- og söluátaki á erlendum vettvangi hjá öðru stóru húsgagnafyrirtæki og vonandi verður einhver árangur af húsgagnasýningunni í Bella Center í maí. Iðnrekstrarsjóður hefur stutt þátttöku í sýningum þessum samkvæmt reglum sínum.

Árið 1980 var hrundið í framkvæmd miklu markaðsátaki í húsgagnaiðnaði, að undangenginni könnun árið 1979, og lauk því á árinu 1983. Hér var um að ræða bæði markaðs- og tækniátak og tóku um 18 íslensk fyrirtæki þátt í því. Segja má að meðal-framleiðniaukning í þessum fyrirtækjum hafi verið allt að 50%, en talsvert ríkari áhersla var lögð á tæknilegu hliðina en þá markaðslegu. Þrátt fyrir það hafa þessi fyrirtæki, er tóku virkan þátt í verkefninu, treyst stöðu sína hér innanlands frá því að verkefnið var tekið upp hvað hina markaðslegu hlið snertir. Auk þess má segja að árangur Víðis í útflutningi megi m. a. rekja beint til þessa verkefnis. Markaðsátakinu hefur verið stjórnað þannig að iðnað-arráðuneytið hefur greitt beinan stjórnarkostnað verkefnisins og Iðnrekstrarsjóður tekið að sér að greiða helming ráðgjafarkostnaðar. Auk þess hefur margvíslegur kostnaður við stjórn og markaðsaðgerðir verið greiddur af sjóðnum.